

Íslendingar geti fengið fullan aðgang að netverslun

Stefnt er að því að Alþingi innleiði reglugerð um bann við mismunun í netviðskiptum innan EES næsta vor. Formaður Neytendasamtakanna segir þetta gleðifréttir. Samtök verslunar og þjónustu munu krefjast jafnræðis fyrir innlenda verslun.

NEYTENDUR „Innleiðing þessarar reglugerðar verður náttúrulega mjög mikil réttarbót fyrir okkur Íslendinga. Þetta þýðir það að hver sem er, sem sendir vörur á milli landa innan evrópska efnahagssvæðisins, verður nú að senda til Íslands,“ segir Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna. Reglugerðin tók gildi innan Evrópusambandsins í desember. Í svari atvinnuvegaráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins er stefnt að því að leggja málið fram á Alþingi næsta vor.

Ef reglugerðin verður samþykkt verður seljendum vöru og þjónustu á netinu skylt að veita öllum neytendum rétt til viðskipta innan EES.

Áður en þessar reglur taka gildi hér á landi þarf að innleiða þær í EES-samninginn. Samkvæmt upplýsingum frá EFTA er búið að gera drög að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar en nú er boltinn hjá ríkjum sjálfum.

„Þetta er bara frábært fyrir íslenska neytendur því að þá hafa allir á efnahagssvæðinu aðgangi að vörum á sama verði. Þá er ekki hægt að hafa mismunandi verð á mismunandi landsvæðum,“ segir Breki. „Eins og er þá senda ýmsar verslanir í Evrópu ekki vörur til Íslands, eða neita að taka við greiðslum með íslenskum kortum. Sumar af þessum vörum eru seldar hér á landi á hærra verði en eftir þetta þá geta Íslendingar keypt vörur á netinu á sama verði og gengur og gerist í Evrópu.“

Breki segir að ekki þurfi að hafa neinar áhyggjur af tollum. „Þetta er tollabandalag, það er svo einfalt. Póstinum hér heima er nú heimilt að leggja sérstakt gjald á alla pakka sem koma frá útlöndum, það mun þá leggjast ofan á sendingarkostnaðinn. Það eru nokkur hundruð krónur,“ segir Breki.

Benedikt S. Benediktsson, lögfræðingur hjá Samtökum verslunar og þjónustu, segir rétt að hafa í huga

Þetta þýðir það að nú munum við ekki aðeins bera saman verð á vörum í innlendum verslunum, heldur verð um alla Evrópu.

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna



að það sé kostnaðarsamt að flytja vörur til landsins frá útlöndum og neytendur sem flytja vörur inn í litlu magni muni ekki njóta mikils kostnaðarhagræðis í samanburði við stærri innflytjendur. Sama gildi um innlenda netverslun sem selur vörur til erlendra neytenda.

„Það er afstaða SVÞ að aukið verslunarfrelsi sé af hinu góða og að EES-samningurinn hafi reynst Íslandi afar vel, meðal annars í efnahagslegu tilliti,“ segir Benedikt. „Hins vegar munu samtökin gæta þess sérstaklega og krefjast þess af stjórnvöldum að þau gæti þess sérstaklega við innleiðinguna að innlendri verslun verði tryggð sambærileg staða og erlendri verslun enda er það forsenda virkrar samkeppni að þeir sem taka þátt í innri markaðnum búi við sambærilegt umhverfi.“

Breki á ekki von á öðru en að þetta verði samþykkt á Alþingi. „Þetta hlýtur að fara í gegn fljótt og örugglega. Ég sé engan fyrir mér hreyfa mótmælum við þessu, það yrði mjög skrytið,“ segir Breki. „Þetta er eitt af þessu jákvæða sem fylgir því að vera innan EES, jafn aðgangur að markaðnum. Þetta þýðir það að nú munum við ekki aðeins bera saman verð á vörum í innlendum verslunum, heldur verð um alla Evrópu.“

— ab

Segir lagið ekki stælingu

DÓMSTÓLAR Professor sem starfar fyrir lögmenn Warner Music og Universal Music í dómsmálinu sem Jóhann Helgason rekur gegn tónlistarfyrirtækjunum í Los Angeles segir engin marktæk líkindi með laginu Söknuði og laginu You Raise Me Up.

„Það eru engin slík líkindi milli laganna sem gefa til kynna að You Raise Me Up sé



stæling á Söknuði,“ segir í greinargerð tónlistarprofessorsins Lawrence Ferrara.

Jóhann segir þetta ekki koma á óvart. Lögmáður hans, Michael Machat, hefur nú frest fram yfir miðjan ágúst hið minnsta til að afla álits tónlistarsérfræðings fyrir Jóhanns hönd.


— gar / sjá síðu 4



Megan Rapinoe, leikmaður Bandaríkjanna, er hér með heimsmeistarabikarinn á lofti en hún varð markahæsti leikmaður heimsmeistaramótsins. NORDICPHOTOS/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

Fleiri myndir frá úrslitaleiknum er hægt að finna á +Plúsiú Fréttablaðsins. Í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.



Omeprazol Actavis

20 mg, 14 og 28 stk.

Magasyrúpolin hörð hylki ætluð fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsvíða og nábit). Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni fyrir mat eða á fastandi maga. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is


Actavis

SÓMA LANGLOKA OG GOS FRÁ ÖLGERÐINI 599 KR.

SÓMA SAMLOKA OG GOS FRÁ ÖLGERÐINI 499 KR.

Iceland

Veður



Austlæg átt 3-8 í dag. Skýjað að mestu á landinu og dálitlar skúrir á víð og dreif, einkum síðdegis, en léttir heldur til norðaustan- og austanlands í kvöld. **SJÁ SÍÐU 16**



Lögregluáðgerðir fóru fram í Bauhaus í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Miklu stolið úr Bauhaus

LÖGREGLUMÁL Grunur leikur á að miklu af vörum hafi verið stolið úr byggingavörversluninni Bauhaus í Grafarholti. Einnig að brotin hafi staðið yfir í langan tíma. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru að minnsta kosti tveir menn tengdir málinu. Annar þeirra byggingaverktaki af landsbyggðinni.

Í vor fóru fram lögregluáðgerðir á tveimur stöðum. Í versluninni sjálfri og í heimabæ verktakans. En ekki liggur fyrir hvort eða hversu mikið af verðmætum var endurheimt.

Rannsókn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu lauk í júní og er málið nú komið inn á borð til ákærusviðs. María Káradóttir hjá ákærusviði vildi ekki tjá sig efnislega um málið en tjáði Fréttablaðinu að ákvörðun um ákæru hefði ekki verið tekin né hversu margir væru grunaðir í málinu.

„Vegna rannsóknarhagsmuna getum við ekki tjáð okkur um málið á þessu stigi,“ segir María. „Þetta mál er nú í skoðun hjá okkur. Stundum þarf að vísa málum aftur til lögreglu til frekari rannsóknar.“

Verðmæti þeirra eigna sem grunur leikur á að hafi verið stolið liggur ekki fyrir en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er það umtalsvert. – khg

Buslað í blíðunni



Það er ekkert lát á veðurblíðunni á Vestur- og Suðurlandi þessa dagana. Í gær fór hitinn yfir tuttugu gráðurnar í höfuðborginni og nánast logn. Hljýst var þó á Suðausturhorninu. Mikið var um að vera í ísbúðum og nánast alls staðar utandyra. Elliðaárdalurinn var engin undantekning. Þessi ungmenni voru svo brött að þau stungu sér í fossinn sér til gamans. Munu þau hafa buslað í ánni nánast allan daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hjól þurfa að vera læst

LÖGREGLUMÁL Reiðhjól sem er stolið utandyra þarf að hafa verið læst til að bætur fái frá tryggingafélögum. Einnig þarf að fylgja með kvittun og lögregluskýrsla.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá fyrir helgi gengur nú yfir bylga hjólreiðabjórnaðar á höfuðborgarsvæðinu. Grunur lögregluna að um skipulagða glæpastarfsemi sé að ræða. Í flestum tilfellum finnast hjólin ekki aftur og gefur lögreglan þá eigendum afrit af skýrslu þess efnis. Sé eigandi tryggður getur hann fengið þetta bætt.

Ólafur Þór Ólafsson, forstöðumaður eignatjónadeildar hjá Sjóvá, segir að félagið hafi bætt um 50 reiðhjól á þessu ári.

„Þegar okkur berast tilkynningar frá viðskiptavinum er óskað eftir lögregluskýrslu og kvittun fyrir kaupum á reiðhjóli. Forsenda fyrir bótaskyldu er að hjólið hafi verið læst, hafi það staðið utandyra,“ segir Ólafur Þór. – khg

Kláruðu allan matinn á matarmarkaðinum

Mörg þúsund manns heimsóttu matarmarkaðinn í Laugardalnum um helgina. Um er að ræða verkefni sem valið var af íbúum hverfisins í kosningum. Loka þurfti markaðinum snemma á laugardag þar sem maturinn kláraðist.

REYKJAVÍK „Það seldist allt upp hjá okkur á laugardeginum. Við neyddumst til að loka fyrr en við áætluðum,“ segir Róbert Aron Magnússon, skipuleggjandi Reykjavík Street Food sem sér um matarmarkaðinn í Laugardal. Matarmarkaðurinn var opnaður fyrst á laugardaginn og kláraðist þá allur maturinn á öllum stöðunum sem og bjórinn í bjórvagninum.

„Ég held að yfir daginn á laugardag hafi komið á milli fjögur og fimm þúsund manns, frá því við opnuðum á hádegi til klukkan sjö þegar allur maturinn var búinn,“ segir Róbert Aron og hlær. „Það var ekki hægt að selja meira. Við seldum líka allan bjórinn sem við áætluðum að eiga á sunnudeginum. Sem betur fer fengum við meira.“

Markaðurinn er undir suðurenda áhorfendastúkunnar á Laugardalsvelli og verður aftur á sama stað næstu helgi. Helgina þar á eftir verður hann á Miðbakkannum við gömlu höfnina í Reykjavík. „Það verður aðeins öðruvísi skipulag við Miðbakkann. Þar verður götubitahátíð og keppni um besta bitann. Það verður svaka parti.“

Um er að ræða samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Reykjavík Street Food. Verkefnið var kosið af íbúum í kosningunum á vef Reykjavíkurborgar. Hverfið mitt, í fyrri. Alls voru sautján söluaðilar á markaðnum um helgina. Var hægt að gæða sér á alls kyns mat, humri, hamburgurum, taco, frónskum, íslensku sinnepi ásamt vegan valkostum. Einnig er hægt að kaupa íslenskar vörur beint frá býli á matarmarkaðnum.



Matarmarkaðurinn í Laugardal verður aftur á sama stað um næstu helgi, en færirst niður á Miðbakkann helgina eftir það. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ég held að yfir daginn hafi komið á milli fjögur og fimm þúsund manns, frá því við opnuðum á hádegi til klukkan sjö þegar allur maturinn var búinn.

Róbert Aron Magnússon, Reykjavík Street Food



Böðil var upp á skemmtiatriði, hoppukastala og andlitsmálningu fyrir börn.

Aðspurður hvað laði fólk að segir Róbert Aron það meira en bara svengd. „Þetta er búð að tröllriða heiminum, einfaldar útfærslur á mat í skemmtilegu umhverfi. Fyrir utan þetta fina veður, það umturnast allt á Íslandi í þegar það er sól og víð erum búin að vera gríðarlega heppin þessa helgina.“

arib@frettabladid.is

ÚRVAL ÚTSÝN

Úrvalsfólk Á KANARÍ

12. - 26. NÓVEMBER
VERÐ FRÁ 249.900 KR.
Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA MEÐ HÁLFU FÆÐI

NÁNAR Á UU.IS EÐA Í SÍMA 585 4000



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

NÝ COROLLA HÚN ER KOMIN AFTUR



50% RAFDRIFIN*

Verð frá: 3.990.000 kr.



Mest seld í heimi

Nýjasta kynslóð Corollu er komin í þremur glæsilegum gerðum sem taka sig best út með þig undir stýri. Mátaðu þig við kraftmiklar Hybrid útfærslur hlaðbaksins, Corolla Hatchback; stallbaksins, Corolla Sedan eða langbaksins, Corolla Touring Sports. Hver er þín týpa? Orkuskiptin eru hafin.

2 ára þjónustupakki fylgir með nýrri Corollu, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Allir nýir Toyota Hybrid bílar eru núna sporlausir í samstarfi við Kolvið.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14



*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARE og ENEA á aksturstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Hafa áhyggjur af sammingsleysi

BRETLAND Breskir þingmenn úr bæði Íhaldsflokki og Verkamannaflokki sögðust í gær vera að leita leiða til þess að koma í veg fyrir að næsti forsætisráðherra beiti sér fyrir sammingslausri útgöngu úr Evrópusambandinu, þvert gegn vilja þingsins. Boris Johnson mælist í könnunum líklegastur til þess að



Boris Johnson,
líklegur arftaki.

taka við forsætisráðuneytinu þegar Theresa May stígur til hliðar. Hann hefur heitið því að Bretar virði útgöngudagsetninguna, 31. október, og fresti ekki útgöngu líkt og áður hefur verið gert, jafnvel þótt það þýði útgöngu án sammings.

„Við myndum knýja fram vantraustsatkvæðagreiðslu þegar

við erum sannfærð um að þeir Íhaldsmenn sem hafa sagst styðja slíka tillögu til að koma í veg fyrir sammingslausri útgöngu séu líklegir til að styðja hana í raun og veru,“ sagði Barry Gardiner, upplýsinga- fulltrúi Verkamannaflokksins, við Sky News.

Sam Gyimah, þingmaður Íhalds-

flokksins, sagði við sama miðil að það væri síðasta úrræði að greiða atkvæði gegn ríkisstjórninni og að hann ætlaði sér það ekki. Hann væri hins vegar, líkt og um þrjátíu aðrir þingmenn flokksins, viljugur til þess að styðja frumvörp sem myndu hindra sammingslausri útgöngu. – þea

Eigandi Norðuráls horfir til Rio Tinto

VIÐSKIPTI Svissneska fyrirtækið Glencore, einn stærstu eigenda Century Aluminium sem svó aftur á Norðurál, hefur áhuga á því að kaupa eignir Rio Tinto á Íslandi, í Svíþjóð og Hollandi fyrir allt að 350 milljónir dala. Tvö fyrirtæki til viðbótar hafa áhuga sömuleiðis, það eru hið þýska Trimet Aluminium og breska fyrirtækið Liberty House.

» Glencore, Trimet Aluminium og Liberty House vilja eignast Rio Tinto.

Sólveig Bergmann, talsmaður Norðuráls, gat ekki tjáð sig um málið þegar eftir því var leitað.

Rio Tinto hóf söluferli sitt á ný undir lok síðasta árs með hjálp franska fjárfestingarbankans Natixis en áður hafði Norsk Hydro hætt við kaup og kennt töfum á samþykkt frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um. Heimildarmenn The New York Times sögðu það ef til vill hafa verið vegna áhyggna af áhrifum á samkeppni á álmarkaði. Talsmenn Glencore vildu ekki tjá sig um málið. – þea

LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með föðurnafn oddvita Fljótsdalshrepps í blaðinu á laugardag. Hún heitir Gunnþórunn Ingólfsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.

Sérfræðingur stórfyrirtækja hafnar líkindum við Söknuð

Prófessor sem starfar fyrir lögmenn Warner Music og Universal Music í dómsmálinu sem Jóhann Helgason rekur gegn tónlistarfyrirtækjunum í Los Angeles segir í 110 síðna greinargerð að engin marktæk líkindi séu með laginu Söknuði og laginu You Raise Me Up. Bæði lögin eigi fyrirmyndir í eldri lögum.

DÓMSTÓLAR „Það eru engin slík líkindi milli laganna sem gefa til kynna að You Raise Me Up sé stæling á Söknuði,“ segir í greinargerð tónlistarprófessorsins Lawrence Ferrara sem lögð er fram af hálfu lögmanna Warner Music og Universal Music.

Eins og kunnugt er hefur tónlistarmaðurinn Jóhann Helgason stefnt norska lagahöfundinum Rolf Løvland og tónlistarfyrirtækjunum Warner og Universal og fleiri fyrir alríkisdómstól í Los Angeles vegna meints stuldar á laginu Söknuði sem kom út árið 1977. Telur Jóhann að lagið You Raise Me Up sem Løvland sendi frá sér árið 2001 sé eftiröpun á Söknuði.

Lögmenn Universal og Warner í málinu réðu Lawrence Ferrara til að gera fyrir sig samanburðargreiningu á lögnum tveimur. Greinargerð Ferrara hefur nú verið lögð fram við dómstólinn.

Ferrara segir að á grundvelli greiningar sinnar finnst engin marktæk líkindi milli uppbyggingar laganna Söknuðar og You Raise Me Up. Það sama gildi um hljómsæti, laglinu og takt laganna.

Enn fremur segir Ferrara að þeir tónlistarlegu þættir sem komi fram í bæði You Raise Me Up og Söknuði séu til staðar í nokkrum eldri verkum. Hann nefnir til dæmis samstofna írsku þjóðlöginn Danny Boy, The Young Man's Dream og Londonderry Air. Einnig norska þjóðlagið Eg kan ikke gløyme og jólalagið When a Child Was Born sem kom út í nóvember 1976 sem sé í raun lagið Soleado frá árinu 1974.

Ferrara segir að á grundvelli tónlistarfræðilegrar greiningar



Jóhann Helgason kynnti í apríl 2018 áform um endurnýjaðan málarekstur vegna lagsins Söknuðar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

sinnar sé það sitt faglega mat að þótt Söknuður og You Raise Me Up deili nokkrum tónlistarlegum líkindum þá séu þau til staðar í vel þekktum eldri verkum. Þau líkindi hafi verið aðgengileg fyrir höfunda beggja laganna. Þessi líkindi megi rekja til þjóðlaga frá átjándu og níttjándu öld, sér í lagi til írskra þjóðlaga.

Samkvæmt upplýsingum sem Ferrara gefur um sig sjálfan í greinargerðinni er hann tónlistarprófessor við New York háskóla. „Ég hef

lagt til greiningar og álit í tengslum við höfundarréttarmál í tónlist í meira en tuttugu ár,“ segir hann.

„Þetta kemur ekkert á óvart,“ segir Jóhann Helgason. „Þetta var búið að koma fram áður við rekstur málsins í Englandi og þá var búið að hrekja þetta vel og vandlega. Þá var hins vegar ekki til fjármagn til að halda áfram með málið.“

Lögmaður Jóhanns Helgasonar, Michael Machat, hefur nú frest fram yfir miðjan ágúst hið

minnsta til að afla álits tónlistarsérfræðings fyrir Jóhanns hönd.

Vegna þess hversu viðamikil greinargerð Lawrence Ferrara er hefur Machat óskað eftir framhengdum fresti fyrir starf síns sérfræðings.

Þá hafa lögmenn áður nefndra tónlistarfyrirtækja lagt fram kröfu um frávisun málsins. Hafni dómarmenn henni er áætlað að réttarhöld með kvíðdómi verði á dagskrá á næsta ári. gar@frettabladid.is

JEEP CHEROKEE

SUMARTILBOÐ

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

Helsti staðalbúnaður Jeep Cherokee Longitude Luxury*:

- 2.2 lítra 195 hestafla díselvél, 9 giru sjálfskipting
- Jeep Active Drive I Select Terrain með 4 drifstillingum,
- Rafdrifin snertilaus opnun á afturhlara
- Leðurinnrétting
- 8,4" upplýsinga- og snertiskjár
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Bakkmyndavél með bílastæðaaðstoð
- Hágæða Alpine hljómlutningskerfi með bassaboxi
- Apple & Android Car Play

SUMARPAKKI 1: Málmlitur
TILBOÐSVERÐ MEÐ AUKAHLUTUM: 7.390.000 KR. - LISTAVERÐ 8.110.000 KR.

SUMARPAKKI 2: Málmlitur, borgarþakki, þægindapakki og glerþak (panorama).
TILBOÐSVERÐ MEÐ AUKAHLUTUM: 8.090.000 KR. - LISTAVERÐ 8.860.000 KR.





HAT-TRICK

HEIMSBÍLL ÁRSINS HÖNNUN ÁRSINS RAFBÍLL ÁRSINS



VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR EIGUM BÍLA TIL AFGREIÐSLU STRAX!

Rafbíllinn Jaguar I-Pace vann nýverið til þrenna gullverðlauna á hinni virtu uppskeruhátíð bílaframleiðenda World Car Of The Year. I-Pace varð þar með fyrsti bíllinn í heiminum til að vinna þrjá flokka á sama árinu.

Vertu með þeim fyrstu sem upplifa nýjan fjórhjóladrifinn Jaguar I-PACE, 470 km drægi*, 400 hestöfl, 4,8 sek. í 100 km.

Verð frá 9.790.000 kr.

jaguarisland.is

JAGUAR

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500



WINNER
WORLD CAR AWARDS

2019 WORLD CAR OF THE YEAR
2019 WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR
2019 WORLD GREEN CAR

Mitsotakis sigurvegari í Grikklandi

Alexis Tsipras forsætisráðherra og flokkur hans, Syriza, töpuðu fylgi í þingkosningum á Grikklandi. Nýtt lýðræði fær hreinan meirihluta. Kyriakos Mitsotakis, leiðtogi Nýs lýðræðis, fer á fund forseta Grikklands í dag og tekur væntanlega við af Tsipras.

GRIKKLAND Útlit er fyrir að mið-hægri flokkurinn Nýtt lýðræði (ND) hafi unnið stórsigur í þingkosningum sem fóru fram á Grikklandi í gær.

Þegar um 80 prósent atkvæða voru talin hafði ND 39,67 prósent og 158 sæti af 300. Vinstri flokkurinn Syriza, sem hefur verið við völd frá árinu 2015, var með 31,68 prósent og 86 sæti. Jafnaðarmannaflokkurinn KINAL var með 7,92 prósent og 22 sæti, Kommúnistaflokkurinn 5,38 prósent og fimmtán sæti, MeRA25, flokkur fyrrverandi fjármálaráðherra Yanis Varoufakis, með 3,48 prósent og 9 sæti og fasistaflokkurinn Gullin dögum með 2,96 prósent. Missir þannig rétt af þriggja prósentu þröskuldnum og dettur út af þingi.

ND er því óumdeilanlega sigurvegari kosninganna. Syriza fékk 36,3 prósent atkvæða í kosningunum í september 2015. ND fékk nú 27,8 prósent og þar með hreinan meirihluta enda fær sá flokkur sem sækir sér flest atkvæði fimmtíu þingsæti í bónus.

Kyriakos Mitsotakis, leiðtogi ND, fer á fund forseta á morgun og tekur væntanlega við sem forsætisráðherra. Hann fagnaði sigri í gær og sagðist ætla að vinna af hörku fyrir alla Grikki. Alexis Tsipras, fráfarandi forsætisráðherra og leiðtogi Syriza, játaði ósigur og sagðist samþykkja niðurstöðurnar.

Kosningarnar áttu upphaflega að fara fram í haust. Tsipras ákvað



Kyriakos Mitsotakis virtist afar sáttur við niðurstöðurnar, enda með hreinan meirihluta. NORDICPHOTOS/AFP

hins vegar að flýta kosningum eftir að Syriza laut í lægra haldi fyrir ND í Evrópuþingkosningunum í maí síðastliðnum.

Tsipras tók fyrst við embættinu eftir þingkosningar í janúar 2015. Á þeim tíma leiddi hann Grikki í gegnum erfiðar viðræður við Evrópusambandið um skuldastöðu ríkisins og nýja neyðarástöð. Þegar hann hafði tryggt þriðja neyðarpakka Grikkja boðaði hann til nýrra kosninga. Þær fóru fram í september sama ár og stjórnnin hélt velli.

40%

kusu Nýtt lýðræði í kosningum gærdagsins.

Síðan þá hefur Tsipras hins vegar gengið erfiðlega. Árið 2015 lofaði Syriza því að láta af niðurskurðarstefnu fyrri ríkisstjórna. Allt kom

hins vegar fyrir ekki og neyddist stjórnnin til að framfylgja skilmálum sem ESB og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn settu fyrir áframhaldandi aðstöð. Atvinnuleysi hefur litið minnkað og mælist enn í rúmum þrjátíu prósentum á meðal ungmenna, um tuttugu prósent heilt yfir.

Sé litið til annarra mála en efnahagsmála má nefna óánægju meirihluta Grikkja með samkomulagið sem Syriza-stjórnnin gerði við Makedóna um að nafni ríkisins yrði breytt í Norður-Makedónía. Óánægjan

stafar af því að þótt forskeytinu sé bætt við þykir Grikkjum enn ótækt að nágrannarnir kalli sig sama nafni og gríska héraðið og forngríska konungsríkið Makedónía.

Þá verður að nefna þann mikla fjölda flóttamanna sem hafa streymt til Grikklands og illa hefur gengið að sjá um, sem og skógarelda síðasta sumars sem felldu hundrað og urðu að pólitísku deilumáli vegna mistaka yfirvalda og meintra ólöglegra byggða.

Fátt getur nú komið í veg fyrir að Kyriakos Mitsotakis, leiðtogi ND, taki við af Tsipras sem forsætisráðherra. Mitsotakis er af valdaættum. Sonur fyrrverandi forsætisráðherra Konstantinos, bróðir Dora Bakoyannis, fyrrverandi utanríkisráðherra, og frændi fyrrverandi forsætisráðherranna Eleftherios Venizelos og Sofoklis Venizelos.

Samkvæmt því sem Nikos Marantzidis, prófessor í stjórnmálafræði við Makedóníuháskóla í Þessalóníku, sagði við Vox Europ í síðustu viku er Mitsotakis ekki sérstaklega vinsæll hjá hördustu fylgismönnum Nýs lýðræðis. „Mitsotakis er miðjumaður úr frjálslyndri fjölskyldu. Hann er langt til vinstri við flokkinn. Flokksmenn hafa aldrei litið á Mitsotakis-klanið sem hluta af miðju-hægri heldur sem boðflennur. En af hverju eru þeir þá að kjósa Kyriakos Mitsotakis? Af því að þeir vita að hann getur unnið.“ thorgnyr@frettabladid.is

KRONAN



Ódýrt



Grísakótilettur, kryddaðar

1299

kr. kg

www.kronan.is



Abbas Araqchi aðstoðarutanríkisráðherra sést hér til hægri á blaðamannafundi gærdagsins. NORDICPHOTOS/AFP

Draga úr þátttöku í kjarnorkusamningi

IRAN Stjórnvöld í Íran hættu í gær að fylgja skilmálum JCPOA-kjarnorkusamningsins. Sextíu daga fresturinn sem Íransstjórn hafði gefið eftirstandandi aðildarríkjum til þess að skýla Íran gegn nýjum, bandarískum þvingunum rann þá út.

Íran gerði samninginn við Bandaríkin, Kína, Frakkland, Þýskaland, Evrópusambandið, Rússland og Bretland árið 2015 en eftir að Donald Trump tók við embætti Bandaríkjaforseta rífti hann samningnum af hálfu Bandaríkjanna. Trump-stjórnnin lagði þá á nýjar þvinganir gegn Íran en samningurinn gekk í meginatriðum út á að Íran frysti kjarnorkuáætlun sína gegn afléttingu þvingana.

„Í dag rann sextíu daga fresturinn út og fyrst kröfum okkar er varða kjarnorkusamninginn og olíusölu var ekki svarað tókum við í

Kröfum okkar er varða kjarnorkusamninginn og olíusölu var ekki svarað.

Abbas Araqchi, aðstoðarutanríkisráðherra Írans

dag skref númer tvö. Fyrir sextíu dögum lýstum við því yfir að við myndum hætta að fylgja ákvæðum um uppsöfnun auðgaðs úrans og nú tilkynnum við um að við ætlum ekki að fylgja ákvæðum um hversu auðgað úranið má vera,“ hafði íranski miðillinn Fars News eftir Abbas Araqchi, aðstoðarutanríkis-

ráðherra Írans, í gær. Aukinheldur að Íran myndi draga aftur úr þátttöku sinni í samningnum eftir sextíu daga til viðbótar.

Þessa síðustu sextíu daga höfðu Íranar ekki selt úr landi lágaúðgað úran. Það er alla jafna notað til þess að knýja kjarnorkuver. Háauðgað úran, sem Íran hyggst nú vinna í skilvindum sínum, er aftur á móti hægt að nota í rannsóknarkljúfum eða jafnvel kjarnorkuvopnum. Alla jafna er úran sem notað er í vopnum um níutíu prósent auðgað en Íran hyggst nú, samkvæmt því er embættismenn sögðu í gær, vinna fimm prósent auðgað úran.

Emmanuel Macron, forseti Frakklands, ræddi við íranska forsetann Hassan Rouhani í síma á laugardag. Hann tjáði Írananum að hann vildi alls ekki sjá samningnum rift og samþykktu leiðtogarnir að íhuga að hefja viðræður á ný. - þea

SÍÐASTI DAGURINN

**TAX
FREE**

**SNYRTIVÖRU
DAGAR**

4.-8. júlí

Taxfree* af öllum snyrtivörum

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*

Viðtal við Pútín



Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Vladímír Pútín Rússlandsforseti var í afar fróðlegu sjónvarpsviðtali The Financial Times í síðustu viku. Í einn og hálfan tíma fór forsetinn yfir ærin verkefni heima fyrir, skattkerfisbreytingar, uppbyggingu innviða og menntakerfis, og ekki síst tæknivæðingu atvinnugreina. Meginstraumar alþjóðakerfisins og hlutur Rússa þar voru fyrirferðarmiklir.

Það sem upp úr stendur eru lok viðtalsins. Þar ræðst Pútín að þeim stjórnmalalegu grunnildum sem ráðið hafa mótun og þróun vestrænna lýðræðisríkja frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar. Hann segir þau frjálslyndu gildi sem reist séu á rétti og frelsi einstaklinga hafa gengið sér til húðar. Dregið hafi úr vægi frjálslyndis Vesturlanda. Þaðan komi fáar forsagnir lengur.

Rússneski leiðtoginn lofar uppgang popúlista og sagði hugmyndir um fjölmenningu ekki eiga við í nútímanum. Pútín afskrifir þannig þau frjálslyndu grundvallarviðhorf, sem sett hafa sterkan svip á líf okkar síðustu áratugi, á borð við vernd flóttamanna og málefni hinsegin fólks. Þau stangist á við viðhorf meirihluta íbúa um heim allan. Dæmi um það er hvernig Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hafi hleypt flóttamönnum inn í landið í bága við hagsmuni yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar.

Pútín vísar til staðfestu Trumps forseta gagnvart Mexíkó: „Þessar frjálslyndishugmyndir fela í sér að ekkert þurfi að gera. Innflytjendur geti drepð, rænt og nauðgað án refsingar vegna þess að réttindi þeirra sem innflytjenda verði að vernda,“ segir Pútín.

Það er auðvitað rangt hjá Pútín að meirihluti íbúa heimsins deili skoðunum hans um málefni flóttamanna. Kannanir sýna að meirihluti fólks í þeim ríkjum sem fá til sín flesta innflytjendur sér fremur í því styrk en byrði. Jákvæðni eykst eftir því sem fólk fær að kynnast innflytjendum persónulega.

Það er ekki rétt hjá Pútín að hin frjálslyndu gildi sem byggð eru á rétti og frelsi einstaklinga séu úrelt. Þau eru enn aflvaki bættra lífskjara og framþróunar. Við höfum til að mynda séð á síðustu áratugum hvernig séreignarréttur og auknið frelsi einstaklinga hafa komið um 600 milljónum Kínverja yfir fátæktarmörkin.

Samfélag margbreytni er ekki bara skemmtilegra heldur knýja fjölbreytnin og frelsið fram nýjar hugmyndir og umbreytingar. Sköpunarkraftur nýrrar hugsunar brýtur niður og byggir upp.

En það er ekki bara sótt að frjálslyndisstefnu. Hin hefðbundna íhaldsstefna raunsæis og manngildis er heldur ekki í tisku. Varfærni vikur þar fyrir upplausn og efa um mikilvægi sannleikans og jafnvel vísinda. Til óttans sækja leiðtogar fylgi sitt, til svartstýni og afturhalds. Auk Pútíns radast á bekkinn Trump, ungerski Orbán, ítalski Salvini, franska Le Pen og Brexit-hreyfingin. Bolsonaro í Brasilíu vill ólmur vera þar líka.

Það kom í hlut Evrópusambandsins að mótmæla orðum Pútíns. Tusk, forseti leiðtogaráðs þess, var kjarnnyrtur þegar hann lýsti sig innilega ósammála Rússlandsforseta: „Hver sá sem fullyrðir að frjálslynd lýðræðisríki séu úrelt segir samtímis að frelsi sé úrelt, að lög séu úrelt og mannréttindi séu úrelt,“ sagði Tusk. – Orð í tíma töluð.



Það er ekki rétt hjá Pútín að hin frjálslyndu gildi sem byggð eru á rétti og frelsi einstaklinga séu úrelt. Þau eru enn aflvaki aukinna lífskjara og framþróunar.

Halldór



Frá degi til dags

Hvar voru nöfnin?

Það hefur verið forvitnilegt að fylgjast með viðbrögðum hinna og þessara þingmanna í kringum umræðurnar um brottvísanir. Nú hefur lög-gjafinn það í hendi sér að veita hverjum sem honum dettur í hug íslenskan ríkisborgararétt. Vakti það því nokkra furðu þegar Andrés Ingi Jónsson, þingmaður Vinstri grænna, steig fram og vildi láta endurskoða verklag við brottvísanir. Sá hinn sami á sæti í allsherjar- og menntamálanefnd, sem afgreiðir hið reglulega ríkisborgarafrumvarp. Ef hann, eða aðrir þingmenn, er svona miður sín yfir málum fjölskyldnanna, hvers vegna voru nöfn þeirra ekki á listanum?

Kvöld- og helgarvaktir
Ríkisbatterið sem á að hafa yfirumsjón með dómstólum landsins hefur áhyggjur af því að Landsréttur klári ekki öll málin sem eru á borði réttarins. Alls biða nærri 500 mál og er talið að það muni taka meira en eitt ár að klára þau öll, meira að segja með þeim fjórum af fimmtán dómurum sem eru núna á bekknum þökk sé Mannréttindadómstólum. Spurning hvort það þurfi ekki að taka upp kvöld- og helgarvaktir til að klára bunkann? Og láta þá fá strangan yfirmann á afkastatengdum launum.
arib@frettabladid.is

Vinstri græn eiga leik



Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

Nýjar yfirlýsingar um að setja eigi meira fé í málaflokk flóttafólks og rýmka reglur um efnismeðferð eru í sjálfu sér ánægjulegar en fela ekki í sér varanlega lausn á málefnum flóttabarna. Til þess þarf meiriháttar stefnubreytingu, en ekki bara flýta málsmeðferð og afgreiða börn svo hratt, til baka út úr tilveru okkar, að þau komi ekki róti á tilfinningar landans.

Samkvæmt reglugerð um útlendinga er t.d. enn, þrátt fyrir nýjustu breytingar, heimilt að senda börn til óöruggra landa. En alvarlegast er líklega að börn fá ekki sjálfstæða málsmeðferð. Tekin er afstaða til umsókna foreldra um vernd og síðan dregin sú ályktun að það sé barninu fyrir bestu að fylgja foreldrum. Krafa er að staða barna sé metin sérstaklega og þau fái þannig notið eigin mannréttinda.

Við þinglokasamning haustið 2017 gerðu formenn flokka samkomulag um að strax á nýju kjörtímabili yrði ráðist í endurskoðun útlendingalaga og framkvæmd þeirra. Meðal annars með tilliti til stöðu barna og fólks í viðkvæmri stöðu. Ríkisstjórnin hefur setið í eitt og hálf ár og ber því fulla ábyrgð á að árangur af þverpólitískri þingmannanefnd er enginn. Ekki er nóg með að þetta sleifarlag hafi verið látið viðgangast, heldur afgreiddi ríkisstjórnin nýtt frumvarp um útlendingalög þann 2. apríl, sem lagt var fram á Alþingi nokkrum dögum síðar. Í því er jafnvel gengið enn lengra í átt að ómannúðlegri stefnu og liðkað fyrir brottvísun barna. Auknir fjármunir og allur heimsins fagurgali duga því skammt ef meiningin er að herða enn á ómannúðlegri stefnu.

Ég geri mér grein fyrir því að hjónaband VG og Sjálfstæðisflokksins byggir frekar á hagkvæmnissjónarmiðum en ástriðu og eldheitri ást. En það þvingaði þau enginn í þetta samband og þau bera því fulla ábyrgð á þeim slæmu málamiðlunum sem í því eru gerð. VG á því tvo leiki í stöðunni: Að knýja fram manneskjulegar úrbætur á málefnum flóttafólks eða gera stefnu VG í málaflokkum fullkomlega marklausa.



Auknir fjármunir og allur heimsins fagurgali duga því skammt ef meiningin er að herða enn á ómannúðlegri stefnu.

SANDBLÁSTUR



Ráðgjöf
Tilboð
Hönnun
Uppsetning

XPRENT
HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 3
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

Íslenska martröðin

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Eitthvað það eftirminnilegasta sem ég lærði í bókmenntafræði í íslenskudeildinni í háskólanum á árum áður var viss greinar- munur sem málaður var sterkum litum í einum snilldarfyrirlestrinum hjá Matthíasi heitnum Viðari Sæmundssyni, að mig minnir, á milli spennusögu og hryllingssögu. Munurinn er þessi: Í spennusögu er vitað hverjir eru persónur og leikendur. Hetjan á sér andstæðing sem allir vita hver er, eða tekst á við hættur sem eru fyrirbyggjandi og öllum ljósar. Í hryllingi hins vegar er þessu ódrúvísi farið. Þá er ekki vitað hver ógnin er. Andstæðingurinn er hulinn eða sveipaður það mikilli dulúð að eðli hans er ráðgáta. Hetjan kljást við duldar ógnir, einhvers konar drauga eða yfirskilvitlegar ófreskjur jafnvel. Úr verður martraðarkenndur hryllingur.

Stundum finnst mér Ísland vera svona martraðarkenndur hryllingur. Það eru vissulega stór orð, en þau eru sögd í þessu tiltekna bókmenntafræðilega samhengi. Íslenskt samfélag ber stundum, að mínu mati, þessi einkenni hryllingssögunnar að því leyti til, að oft er eins og viss upptök bóls eða hryllings séu falin. Maður veit ekki hvaðan hið vonða kemur.

Hver vill senda börnin burt?

Þetta er auðvitað ekki megineinkenni á íslensku samfélagi, svo hjálpi okkur almættið. Svo langt leiddur af svartu sýni er ég ekki. Margt er hér fagurt og gott. Né heldur er ég viss um að þetta tiltekna einkenni sé á einhvern hátt sérstakt fyrir Ísland. Ég held að öll samfélög þurfi að búa við svona martraðir í mismiklum mæli, að orsakir vandra huta — öfl sem stuðla að óhamingju — eru hulin og þar með illa upprætanleg.

Þessar spaklegu hugsanir um samfélagið ól ég með mér í vaxandi mæli undir fréttatflutningi liðinnar viku. Enn og aftur berast fregnir af því að vísa eigi börnum á flóttu úr landi. Slikar fréttir skekja íslenskt samfélag oftsinnis. Maður verður ákaflega mikið var við það, að fólki misbýður þessi harðneskja. Skiljanlega. Af hverju getur samfélagið ekki tekið fólki opnum örmum sem býr við neyð annars staðar? Hvar er mannúðin? Að senda eigi börn aftur í ömurleikann og ógnirnar, slíkt hugnast manni ekki. Og þá fer maður að hugsa, og ég er viss um að margir hugsa það sama: Hver ákvað þetta? Hver ber ábyrgð á þessari stefnu? Af hverju er sá aðili ekki látinn svara? Eiga þessar ákvarðanir sér kannski engan málsvara?

Við blasir allt í einu hin bókmenntafræðilega skilgreining á hryllingssögu. Ófreskjan er óþekkt. Hún er falin.

Auglýst eftir málsvara

Ég geri því ekki skóna að einhvers staðar í kerfinu bruggi yfirskilvitleg ófreskja launráð, en það stappar nærri. Eitt er alla vega á hreinu: Sé það stefna íslenskra yfirvalda að vísa eigi börnum úr landi sem hingað hafa komið með fjölskyldum sínum úr lífshættulegu umhverfi heimalanda sinna og náð jafnvel að skapa tengsl við íslenskt samfélag, eignast vini og lífsviðurværi, þá verður einhver ráðamaður þjóðarinnar að stíga fram og upplýsa okkur hin um að hann beri ábyrgð á þeirri stefnu og að hann styðji svona aðgerðir heilshugar. Út af einhverju. Við

þann sama aðila er þá hægt að taka rökræðuna, og baráttan fyrir breytingum á stefnunni verður á allan hátt heilbrigðari. Ísland verður spennusaga, ekki martröð.

Astandið er fáránlegt það er ríkisstjórn í landinu. Vill hún vísa börnunum burt? Vill forsætisráðherra það? Ef svo er, þá segi hún það. Ef svo er ekki, þá segi hún það líka. Það er ekki hægt að búa svo um hnútana þegar kemur að umdeildum og sárum mannúðarmálum að einhvers konar

kerfislæg nauðung skyldi Íslendinga til þess að vera andstyggilegir við börn. Samfélagið skal vera manna verk, ekki flókið og óskiljanlegt vélvirki þar sem tölvan segir nei.

Ráðherra stíga fram

Um helgina steig dómsmálaráðherra fram. Og jú, hún freistaði þess að útskýra stefnuna. Fjölskyldurnar fengu vernd í Grikklandi upphaflega og þangað verða þær því að fara aftur. Og jafnt skal yfir alla ganga.

Það eru 9.000 börn með sömu stöðu í Grikklandi. Eigum við að taka við þeim öllum? spurði Þórdís Kolbrún.

Ég hef tilhneigingu til að svara þeirri spurningu játandi. Ég efast hins vegar um að spurningin sé í nægum tengslum við raunveruleikann til að hafa einhverja þýðingu. Ísland og Grikkland eru ekki einu löndin í heiminum. Ólíklegt er að allir vilji koma til Íslands. Manngrunur að ráðherra freisti þess hér að hlaupa með umræðuna út í móa.

Svo er það líka þetta með að jafnt skuli yfir alla ganga. Ég staldra við. Ef öll börn eiga að fá sömu meðferð, hver er þá sú meðferð? Leyfa þeim að vera í skóla hér smá, eignast vini, finna von um nýtt og betra líf. Vísa þeim svo burt?

Ráðherra gerði rétt að stíga fram og reyna að svara, en ég hef það á tilfinningunni að hún hafi ekki talað með hjartanu. Eftir stendur martröðin óbreytt: Hver raunverulega — af heilum hug — vill þetta?

SUÐURNESJABÆR

SANDGERÐI

GARÐUR

Framtíð Suðurnesjabæjar Hugmyndasamkeppni um nýtt aðalskipulag

Suðurnesjabær er yngsta sveitarfélag landsins og efnir til opinnar hugmyndasamkeppni um móttun nýs aðalskipulags. Við erum að leita að spennandi og framsæknum hugmyndum en keppnin er einnig liður í vali á ráðgjafa til að vinna að gerð aðalskipulagsins.

Þú finnur keppnislýsingu og öll gögn á sudurnesjabaer.is/is/hugmyndasamkeppni.

Skilafrestur er til 4. október nk.

Mótaðu framtíðina með okkur.

Bandaríkjakonur áfram bestar í heimi

Ríkjandi heimsmeistarar og Evrópumeistarar leiddu saman hesta sína í úrslitaleik heimsmeistaramótsins í knattspyrnu kvenna í Lyon í gær. Bandaríkin urðu þar heimsmeistari annað skiptið í röð með sannfærandi 2-0 sigri gegn Hollandi.

FÓTBOLTI Bandaríkin vorðu í gær heimsmeistaratitillinn í knattspyrnu kvenna en liðið lagði Holland að velli með tveimur mörkum gegn engu í skemmtilegum úrslitaleik mótsins í Lyon í Frakklandi.

Bandaríska liðið var sterkari aðilinn í leiknum og Sari Van Veenendaal hélt því hollenska inni í leiknum í fyrri hálfleik. Áfram hélt bandaríska liðið að herja á hollensku vörninna í upphafi síðari hálfleiks og þegar klukkutími var liðinn af leiknum brutu Bandaríkjamenn isinn.

Stefanie van der Gragt, varnarmaður Hollands, var þá talin brotleg eftir að hafa sparkað í Alex Morgan, sóknarmann Bandaríkjanna. Eftir að atvikið var skoðað af myndbandsdómurum dæmði dómari leiksins vítaspyrnu.

Megan Rapinoe, sem missti af undanúrslitaleiknum gegn Englandi, steig á vítapunktinn og skoraði af miklu öryggi. Rapinoe sem er 34 ára gömul var þar með elsti leikmaður til þess að skora í úrslitaleik heimsmeistaramóts. Þetta var sjötta mark Rapinoe á mótinu en hún, Morgan og enski framherjinn Ellen White urðu



Leikmenn bandaríska kvennalandsliðsins í knattspyrnu fagna hér vel og innilega heimsmeistaratitlinum sem liðið vann í Lyon í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

KLÁRIR Í BÁTANA!



Þurrir AGM eða syru rafgeymar fyrir tæki og rúllur



Hleðslutæki



Óflugur start rafgeymar í mörgum stærðum

Mikið úrval • Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Varmadælar & loftkæling



Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægur slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Virkar niður í -30°C

Verð frá aðeins

kr. 145.000 m.vsk

Midea KMB-E09

Max 3,4 kW

2,65 kW við -7° úti og

20° inni hita (COP 2,85)

f. íbúð ca 40m².

Umhverfisvænn kælimiðill



Midea
It's your Idea



Wifi búnaður fylgir með öllum varmadælum meðan birgðir endast

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

markahæstu leikmenn mótsins með sex mörk hver.

Rose Lavelle, sem leikið hefur afbragðs vel inni á miðsvæðinu hjá Bandaríkjunum á mótinu, tvöfaldaði svo forystu bandaríska liðsins skömmu síðar með laglegu marki. Lavelle skoraði þar af leiðandi þrjú mörk á mótinu.

Bandaríkin styrktu stöðu sína sem sigursælasta lið sögunnar á HM

Bandaríkin hafa nú orðið heimsmeistari fjórum sinnum en mótið var fyrst haldið árið 1991 og var þetta því áttunda skipti sem það fer fram. Auk þess að fara með sigur af hólmi í fjögur skipti hafa Bandaríkin sömuleiðis fengið ein silfverðlaun og í þau þrjú skipti sem liðið hefur ekki leikið til úrslita hefur það farið heim með brons.

Þetta var 12. sigur Bandaríkjanna í röð í lokakeppni heimsmeistaramóts sem er met en fyrir þennan leik hafði Hollandi haft betur í 12 leikjum í röð í lokakeppni Evr-

Bandaríkin hafa nú orðið heimsmeistarar fjórum sinnum en liðið er það sigursælasta í sögu keppinnar. Þýskaland kemur næst með tvo titla.

ópumóts og heimsmeistaramóts. Bandaríkin voru að leika sinn þriðja úrslitaleik á heimsmeistaramóti í röð.

